




Selfossi, 29. nóvember 2021

Kæru forráðamenn

Það var stór dagur hjá okkur í Stekkjaskóla í dag þegar kennsla hófst í nýju húsnæði skólans. Húsnæðið er rúmgott og fallegt og nemendur voru glaðir og spenntir þegar þeir mættu í skólann á nýjum stað.

Nýja húsnæðið að Heiðarstekk

Skólahúsnæðið er samtals 1200 fm og samanstendur af átta kennslustofum, matsal, starfsmannaðastöðu og breiðum og góðum gangi sem tengir stofurnar saman. Heimastofur nemenda eru sex talsins en auk þess er ein fjölnota stofa þar sem tónmennt er m.a. kennd og ein list- og verkgreinastofa fyrir textílmennt og smíði. Mikil áhersla verður á upplýsingatækni og voru nemendur sérstaklega áhugasamir um stóru Prowise gagnvirku skjáina okkar sem eru 86 tommu stórir.

Umferðaröryggi - endurskinsmerki, gangbrautir og gönguljós

Nú í dimmasta skammdeginu er mikilvægt að minna börn sem fullorðna á mikilvægi endurskinsmerkja. Þar sem margir nemendur okkar eru að ganga í skólann í nýju umhverfi er mikilvægt að fara sérstaklega varlega í umferðinni.

Verum sýnileg

- Endurskinsmerki virka eins og blikkljós þegar ljós skín á þau
- Ökumenn sjá vegfarendur með endurskin a.m.k. **5x** fyrr
- Því fyrr sem þú sést - því öruggari ertu!

Best er að staðsetja endurskin

- fremst á ermum
- hangandi meðfram hliðum
- á sköm eða buxnaskálmum
- á bakpoka eða tösku

Samgöngustofa



Alltaf á að nota gangbrautir og bíða með að fara yfir götur þar til tryggt er að enginn bíll er að koma. Nokkrar gangbrautir eru yfir Suðurhólana sem er ein erfiðasta umferðargatan í skólahverfinu. Tvær gangbrautir eru sitthvorum megin við hringtorgið við Norðurhóla og ein gangbraut er austar til móts við Vesturhóla. Þar er búið að setja upp gönguljós og nú er loksins kominn ákveðinn tæknibúnaður í ljósin sem er búið að bíða lengi eftir. Samkvæmt mannvirkjasviði sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að kveikt verði á gönguljósunum í næstu viku.

Forráðamenn hafa spurst fyrir um götuljós yfir gangbrautir. Því miður er einhver bið á því að lýsing komi á þá staura samkvæmt upplýsingum frá mannvirkjasviði.

Á fræðsluvef Samgöngustofu, www.umferd.is, er að finna fræðsluefni fyrir nemendur á öllum aldurstigum grunnskólans og leiðbeiningar sem foreldrar og kennarar geta nýtt sér við umferðarfræðslu.

Umferðaröryggi - gangbrautarvarsla

Í fyrramálið ætlar skólastjóri og stuðningsfulltrúi að vera við gangbrautarvörslu á Suðurhólum. Nú leitum við til forráðamanna og annarra vildarvina skólans um aðstoð við gangbrautarvörslu í næsta nágrenni skólans. Einnig höfum við leitað til eldri borgara um aðstoð.

Umferðaröryggi og heildarásynd hverfis



Blá hjortu. Gangbrautir og gönguljós (óvirk) yfir Suðurhóla. Þar væri mjög gott að fá gangbrautarvörslu.

Til að auðvelda nemendum að fara yfir Suðurhólana er gott að vera með gangbrautarvörslu við þær á morgnana. Nemendur eru flestir að ganga yfir gangbrautirnar á tímabilinu kl. 7:40-8:05. Gangbrautarvarsla þarf að vera sameiginlegt verkefni skólasamfélagsins með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Gangbrautarvarslan er mikilvægust þessa fyrstu daga á nýjum stað. Síðan skoðum við hvað hún þarf að vera lengi og þá helst hvar og hvort mannskapur fæst í verkefnið. Þeir sem hafa áhuga og geta tekið þátt í þessu samfélagslega verkefni eru beðnir um að hafa samband við Hilmar skólastjóra.

Mentor - „Fæ ég póst frá öðrum forráðamönnum?“

Forráðamenn/nemendur hafa notað Mentor til að senda afmælisboð eða aðrar upplýsingar til árganga barna sinna. Við viljum benda ykkur á að forráðamenn fá ekki póst frá öðrum forráðamönnum nema þeir hafi stillt sínar friðhelgisstillingar í Mentor. Til að gera það er smellt á nafn viðkomandi í hægra horninu og valið persónuvernd. Þar er stillt hvaða upplýsingar viðkomandi vill að séu sýnilegar fyrir aðra aðstandendur á tengiliðalista. Eldri notendur í kerfinu eru með flestar stillingar opnar en nýir notendur þurfa að stilla þetta sjálfir vegna persónuverndarlaga sem tóku að fullu gildi 2018. Aðstandandi velur þá möguleika sem hann vill að birtist öðrum á tengiliðalista barnsins/barnanna. Það er gert með því að smella á reitina með tölunni 0 og þá breytist dálkurinn, verður fjóluþlár og sýnir töluna 1 og þar með eru upplýsingar sýnilegar öðrum. Ef nafn foreldris er ekki sýnilegt er EKKI hægt að senda viðkomandi póst í gegnum tengiliðalistann í Minn Mentor. Netfang viðkomandi er þó aldrei sýnilegt öðrum aðeins möguleikinn að senda póst. Sjá nánar frétt á heimasíðu skólans; [Náms- og upplýsingakerfið Mentor – Stekkjaskóli \(stekkjaskoli.is\)](#)

Með kærri kveðju,

*Hilmar Björgvinsson, skólastjóri
Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri
Hildur Bjargmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu*